

1872.

21. marz.

kvæmni, að hlutaðeigandi stjórnarvöld á Íslandi geti byggt á henni gjaldið.

21. marz.

35. Bréf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum.

Í tilskipun handa Íslandi — — — — 8 sk. af hverjum 3 pelum. (Upphafð er samhljóða fyrstu málsgrein í næsta bréfi á undan). Þareð engin tollheimta er á Íslandi, hefir mönnum komið saman um í þeim umræðum, sem fram fóru um lagaboð þetta, áður en það kom út, að óhætt mundi að byggja á því, að vöruskrá sú, sem hvert það skip, sem á að fara frá höfn í útlöndum til Íslands, skal hafa meðferðis samkvæmt lögum 15. apríl 1854, 8. gr., og sem hinn hlutaðeigandi danski verzlunarfulltrúi staðfestir, mundi eptir atvikum vera nægilega tryggjandi, til þess að hafa gætur á, að gjaldið yrði rétt galdið, ef að eins vöruskráin væri samin með svo mikilli nákvæmni, að gjaldið yrði byggt á henni (sbr. ástæðurnar fyrir frumvarpi því, sem lagt var fyrir alþingi, til þessarar tilskipunar í viðbætinum við stjórnartíðindin dönsku [*Ministerialtidenden*, 1871, bls. 67]). Dómsmálastjórnin mælist því til, að utanríkisstjórnin gjöri svo vel að láta í të aðstoð sína til þess, að svo verði sagt öllum dönskum verzlunarfulltrúum fyrir, að hafa gætur á, að vöruskráin fyrir hvert skip, sem á að fara til Íslands, og sem hláðið er að öllu eða nokkru leyti einhverju af þeim vörum, sem taldar voru að framan, verði hér eptir samin með svo mikilli nákvæmni, að hlutaðeigandi stjórnarvöld á Íslandi geti byggt gjaldið á henni.

26. marz.

36. Bréf dómsmálastjórnarinnar til sjóliðsstjórnarinnar, um fiskiveiðar útlendra við Ísland.

Sjóliðsstjórnin hefir í bréfi 18. p. m. skýrt frá, að skonnortuskiðið Fylla eigi að fara ferð til Íslands og Færeyja undir stjórn

1872.

26. marz.

P. J. C. Holbølls kapteins í öndverðum næsta mánuði, og spurt að, hvort dómsmálastjórnin æski, að skipstjóra verði sagt fyrir sèrstaklega í einhverju efni.

Útaf þessu verðum vèr, um leið og skírskotað er til brèfs dómsmálastjórnarinnar 25. marz. f. á., að mælast til, að sjóliðs-stjórnin sjái svo um, að athygli skipstjórans verði leidd að tilskipun þeirri, sem komin er út 12. f. m. um fiskiveiðar útlanda við Ísland, og fl., og sem öðlast gildi 1. júlí þ. á., en með 1. gr. hennar, sbr. 2. gr., er gjörð breyting á því, sem fyrir var mælt í eldri lögum um hegning fyrir yfirgang útlanda í landhelgi við Ísland; jafnframt sendum vèr yður nokkur expl. af tilskipun þessari. Þó svo sè til ætlazt, með því að setja vægari hegningar fyrir slík afbrot, að verði að framfylgja lögunum einbeittara en hingað til í því, að hafa auga á afbrotum þeim, sem hèr er verið að ræða um, svo að hvert útlent skip, sem verður uppvíst að slíku, þó það sè í fyrsta skipti, verði tekið og farið með það til þess amtmanns, sem næstur er, til þess málsókn verði hafin á hendur þeim, sem í hlut eiga, og þeim hegnt samkvæmt tilskipuninni, hefir stjórnarráðinu samt fundizt réttast, að láta nokkurn tíma líða, svo hún nái að festast í meðvitund manna, áður en farið verður að beita lögunum beint eptir því, sem fyrir er mælt í þeim. Vèr mælumst því til, að *Holbøll* kapteini verði sagt svo fyrir, að fylgja enn á þessu ári þeirri aðferð, sem hingað til hefir verið við höfð, og skuli hann því þessvegna í fyrsta skipti að eins vísa skipi því, sem í hlut á, burt, fá sannanir fyrir því, hvert skipið sè, og skýra hinu fyrsta herskipi sama þjóðernis, sem hann hittir, frá því, sem gjörzt hefir, en jafnframt verður hann að leiða athygli þeirra, sem í hlut eiga, að því, að hin nýja tilskipun sè út komin, og hverjar afleiðingar það þegar hafi, ef þeir gjöri sig aptur seka í hinu sama. Að endingu mælumst vèr til, að skipstjóra verði sagt frá, að enskt herskip ef til vill muni koma til Íslands á þessu ári, og skal í því tilliti vísað til eptirrits af brèfi dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, sem hèr fylgir¹.

¹) Bréf dómsmálastjórnarinnar 28. desbr. 1871. Tilðindi um stjórn-armálefni Íslands, III., 238.